

**Leiðbeiningar til starfsmanna á
alifuglabúum og þeirra sem sjá um förgun
fugla og annarra dýra sem sýkt eru af
skæðri fuglainflúensu**

Útgáfa 1.

7. apríl 2006

**Leiðbeiningar þessar geta tekið breytingum eftir því sem
frekari upplýsingar berast**

Sóttvarnalæknir
Landbúnaðarstofnun
Umhverfisstofnun
Vinnueftirlitið

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Smitleiðir	3
Einkenni	3
Smithæfni veirunnar í umhverfinu	3
Hætta fyrir þá sem vinna með sýkta fugla	3
Áhættumat atvinnurekanda	4
Athafnir sem auka líkur á sýkingu	4
Reglur um smitgát	4
Stöðva útbreiðslu og útrýma sýkingum í fuglum	4
Lágmarka fjölda manna sem eru í smithættu	5
Grundvallarvarúð gegn sýkingum	5
Hlífðarbúnaður sbr. reglur um persónuhlífar nr. 497/1994	5
Aflífun, frágangur, flutningur og förgun	6
Aflífun	6
Frágangur og flutningur	7
Förgun	7
Brennsla	7
Urðun	7
Hreinsun og sóttgreinsun áhalda og vinnusvæðis	7
Notkun veirulyfja	8
Vöktun á heilsufari áhættuhópa	9
Bólusetning gegn árlegum influensufaraldri	9
Heimildir	10

Inngangur

Andfluglar eru náttúrulegir hýslar allra þekktra inflúenusveira af A stofni. Sumir veirustofnar geta valdið skæðri fuglainflúensu í fiðurféi og þannig skaðað alifuglabú. Veiran getur einnig borist í aðrar dýrategundir s.s. svín, hesta, seli, hvali, mink og kattardýr. Fuglainflúensa A af H5N1 stofni átti upphaf sitt í Asíu árið 1997. Frá árinu 2003 hefur hún breiðst hratt um heiminn í fuglum.

Ekki er ólíklegt að skæð fuglainflúensa A af H5N1 stofni berist hingað til lands með farfuglum að vori. Smitvarnir á stærri alifuglabúum hérlandis eru almennt mjög góðar, en lakari þar sem alifuglar eru utandyra.

Í þessu skjali er áhættumat fyrir þá sem, í starfi sínu, koma í námunda við alifugla með skæða fuglainflúensu. Þar er að finna leiðbeiningar ætlaðar starfsmönnum alifuglabúa og heimamönnum á bóndabýlum með hænsnugla, ef sýkinga af völdum fuglainflúensu A H5N1 verður vart í lífríkinu. Þeir sem komu að gerð leiðbeininganna eru Sóttvarnalæknir, Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlit ríkisins. Einnig var stuðst við áhættumat og leiðbeiningar frá European Centre for Disease Control sem birtust í desember 2005.

Smitleiðir

Fuglar sýktir af skæðri fuglainflúensu skilja út mikið magn veiru í saur, en einnig við hósta og hnerra. Helsta smitleið fuglainflúensuveiru á milli fugla er með saur. Oftast lifir veiran stutt í umhverfinu, en þær geta þó lifað í allt að 35 daga við 4°C í vatni, saur og í hræum sýktra fugla. Hversu lengi þær lifa er háð stofni veirunnar og aðstæðum í umhverfinu. Öll tilfelli skæðrar fuglainflúensu í mönnum tengjast miklu návígi við sýkta fugla, saur þeirra eða aðra líkamsvessa. Hugsanlegt er að snerting við menguð yfirborð búra, búnaðs og annað umhverfi þar sem sýktir fuglar hafa verið geti leitt til smits, og borist með höndum í slímhúðir í augum og nefi.

Einkenni

Helstu einkenni skæðrar fuglainflúensu í mönnum eru frá sýkingu í öndunarfærum og jafnvel öðrum líffærum. Líklegast er að smit verði þegar veiran berst í slímhúð augna eða efri öndunarfæra. Vængjasláttur, aðrar hreyfingar fuglanna og athafnir manna sem þyrlla upp menguðu ryki auka hugsanlega líkur á smiti.

Smithæfni veirunnar í umhverfinu

Veiran drepst auðveldlega við hitun við 56°C í 3 klst., 60°C í 30 mínútur og 70°C í eina mínútu og er því ekki talin hætta á smiti af handfjötlun eða neyslu kjöts sem er gegnumsteikt eða soðið. Almennur þvottur á menguðum fatnaði drepur inflúensuveiruna.

Hætta fyrir þá sem vinna með sýkta fugla

Hætta á smiti fuglainflúensu úr fuglum í menn virðist vera breytileg milli mismunandi stofna skæðra fuglainflúensuveira. Í faraldri í Hollandi árið 2003 smitaðist fjöldi starfsmanna í alifuglabúum af H7N7 fuglainflúensuveiru en í faraldrinum sem breiðist út í Asíu og Evrópu um þessar mundir er smit í mönnum fátítt, þrátt fyrir að sýkingavarnir fyrir starfsmenn fuglabúa og þá sem annast förgun fuglanna hafi í

mörgum tilfellum verið mjög ábótavant. Allt bendir til þess að einkennalausar sýkingar í mönnum séu mjög sjaldgæfar og að sýking af influensuveiru A H5N1 sé það slæm að hún fari ekki framhá neinum.

Áhættumat atvinnurekanda

Atvinnurekandi hefur skyldu til að gera áhættumat sem lið í því að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi skv. vinnuverndarlögum nr. 46/1980¹. Í 65 gr. laganna segir:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættupáttu í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum.

Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.

Leiðbeiningar og upplýsingar sem hér fylgja eru m.a. ætlaðar til þess að auðvelda atvinnurekendum (alifuglabændum og öðrum sem vinna með fiðurfé) að rækja þessa skyldu um gerð áhættumats, sem og til þess að uppfylla skyldur sínar er lúta að forvörnum og viðbragðsáætlunum, þ.m.t. upplýsingaskyldu gagnvart starfsmönnum. Minnt er á að þessar skyldur lúta bæði að einyrkjum sem og fyrirtækjum með fleiri starfsmenn.

Athafnir sem auka líkur á sýkingu

- Vinna á alifuglabúum með sýkta fugla
- Heimilisfólk á bóndabæjum sem handfjatlar sýkta hænsnfugla, afurðir þeirra og úrgang
- Skoðun dýralæknis á sýktum fuglum
- Förgun sýktra hænsnfugla og eyðing sýktra hræa og úrgangs
- Þrif og sóttþreinsun mengaðra svæða
- Sýnataka frá sýktum fuglum og menguðu umhverfi
- Greining veirunnar í rannsóknarstofu
- Aðrar athafnir þar sem menn eru útsettir fyrir staðfesta sýkingu í fugli

Reglur um smitgát

Sýkingavarnir gegn fuglainflúensu byggja á eftirfarandi grundvallarreglum:

Stöðva útbreiðslu og útrýma sýkingum í fuglum

- Tafarlaus förgun sýktra fugla dregur úr smitmögnun og hættu á dreifingu smits til annarra fugla og manna.
- Takmörkun á aðgengi manna að svæðum þar sem fuglainflúensa kemur upp samkvæmt viðbragðsáætlun yfirdýralæknis. Til að draga úr möguleikum á smitdreifingu skal fylgja leiðbeiningum um smitvarnir því menn geta borið smit á milli fuglahópa með menguðum höndum, skóm og fötum. Fara skal m.a. í sturtu

¹ (http://www.vinnueftirlit.is/Apps/WebObjects/Ver.woa/1/swdocument/1000012/log_nr_46_1980.pdf)

- og skipta um fót áður en smitað býli/svæði er yfirgefið (sjá viðbragðsáætlun yfirdýralæknis og reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum²).
- Til að draga úr dreifingu smitsins á bann-, varnar- og eftirlitssvæði skal öðrum dýrum haldið innandyrna. Þetta á einnig við um hunda og ketti. (sjá viðbragðsáætlun yfirdýralæknis og reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum³).

Lágmarka fjölda manna sem eru í smithættu

- Fjöldi starfsmanna sem vinna við umhirðu og förgun smitaðra fugla ber að halda í lágmarki eins og kostur er.
- Starfsmenn sem komast í beina snertingu við sýkta fugla, skulu ávallt nota viðeigandi hlífðarbúnað (sjá kafla um hlífðarbúnað).
- Tryggja skal öryggi starfsmanna við þrif og sóttþreinsun smitaðra alifuglahúsa og umhverfi. Nota skal viðeigandi hlífðarbúnað.
- Tryggja skal öryggi starfsmanna við förgun sýktra fugla, eyðingu hræa og úrgangs. Nota skal viðeigandi hlífðarbúnað.
- Ofangreind atriði eru á ábyrgð atvinnurekanda, þ.m.t að veita viðeigandi leiðbeiningar, m.a. um skyldur starfsmanns, útvega hlífðarfátnað og aðrar persónuhlífar.

Grundvallarvarúð gegn sýkingum

- Allir þeir sem í vinnu sinni komast í snertingu við mögulega sýkta fugla, afurðir þeirra eða úrgang eða annað hugsanlega mengað í umhverfi skulu fá fræðslu um einkenni og smitleiðir skæðrar fuglainsflúensu í mönnum og hvernig verjast má smiti.
- Það er á ábyrgð atvinnurekanda að sjá til þess að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafí hætta af (sbr. 14gr. Laga nr. 46/1980).
- Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi vandaðrar handþreinsunar (með handþvotti eða handspritti) eftir snertingu við fugla (sýkta og ósýkta), eftir snertingu við menguð svæði og eftir að hanskar hafa verið notaðir.
- Með vönduðum handþvotti er átt við þvott með vatni og sápunuddi í 15-20 sekúndur sem fylgt er eftir með notkun á einnota þurrkum. Ef engin sjáanleg óhreini eru á húð handanna má spritta með viðurkenndu sóttþreinsandi efni með 70% alkohóli eða sambærilegu sem ætlað er til nota á húð og látið þorna.

Hlífðarbúnaður sbr. reglur um persónuhlífar nr. 497/1994

Það er á ábyrgð atvinnurekanda að sjá til þess að allir starfsmenn hafi ávallt aðgang að viðeigandi hlífðarbúnaði þeim að kostnaðarlausu. Einnig er það á ábyrgð atvinnurekanda að upplýsa um kosti og áhættu hlífðarbúnaðar sem og fullnægjandi þjálfun í notkun búnaðarins. Tryggja þarf aðgengi starfsmanna að búnaðinum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar.

²<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/7d92d06baf90a0de00256ac0005534d2?OpenDocument>

³<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/7d92d06baf90a0de00256ac0005534d2?OpenDocument>

Viðeigandi hlífðarbúnaður fyrir þá sem vinna með hugsanlega sýkta fugla er eftirfarandi:

- Ógegndræpir einnota hanskar (úr latex eða nitrili) eða margnota gúmmihanskar sem hægt er að sótthreinsa að notkun lokinni. Ef vera þarf lengi í hönskum getur verið æskilegt að vera í þunnum bómullarhönskum innanundir til að verja húðina gegn svita. Ef gat kemur á hanska, skal fara í nýjan. Þegar notkun lýkur skal strax fara úr hönskunum og henda þeim án þess að menga húðina og/eða yfirborð í umhverfi. Gætið þess að snerta ekki hanskana að utanverðu með berum höndum. Hendur skulu þvegnar eða sprittaðar á eftir.
- Hlíf gegn smiti um öndunarveg þ.e. finagnagríma sem er veiruheld gríma með P3 síunarhæfni sem passar á viðkomandi einstakling og fellur þétt að andliti hans. Aðstaður geta verið þannig að þægilegra sé að nota vélknúinn lofthreinsibúnað (powered air-purifying respirator (PAPR)) eða ferskloftsgrímu sem hylur allt höfuðið, og inniheldur finagnagrímu og glæra andlitshlíf.
- Hlífðarfatnaður með áfastri hettu sem hylur allt höfuðhár. Best er að nota einnota ógegndræpa samfestinga. Ef búningar eru ekki vatnsheldir þarf að bera ógegndræpar svuntur. Ef hlífðarfatnaður er ekki með áfastri hettu skal nota einnota húfu.
- Hlífðargleraugu með hliðarvörn, sem falla vel að augnsvæði notandans eða glær andlitshlíf sem hylur allt andlitið.
- Gúmmístígvél sem hægt er að þvo og sótthreinsa á milli nota.

Góð aðstaða verður að vera til að fara úr notuðum hlífðarbúnaði sem leggja skal í 1) ruslafötu sem klædd er sterkum lekaheldum plastpokum merktum "sóttmengað" fyrir notaðan einnota búnað, 2) taugrind fyrir óhreinan margnota búnað úr taui. Einnig skal sturtuáðstaða vera fyrir hendi. Aðstaða þarf einnig að vera fyrir hendi til að þvo og sótthreinsa annan margnota búnað. Starfsmenn verða að vera þjálfaðir og fara úr notuðum hlífðarfatnaði í eftirtaldri röð:

1. Fara úr hönskum
2. Fara úr hlífðarsloppi/galla
3. Þvo eða spritta hendur
4. Taka niður augnhlíf
5. Taka niður grímu/andlitshlíf
6. Þvo og/eða spritta hendur

Aflífun, frágangur, flutningur og förgun

Aflífun

Ef fuglainflúensa leggst á alifugla ber að aflífa þá alla og farga eggjum ásamt öðrum úrgangi frá því búi þar sem smit hefur orðið. Einnig skal farga búnaði sem ekki er unnt að þrifa og sótthreinsa á fullnægjandi hátt. Aflífun sýktra fugla skal gerð samkvæmt viðbragðsáætlun yfirdýralæknis með CO₂ eða með öðrum aflífunaraðferðum sem yfirdýralæknir ákveður⁴.

⁴ www.yfirdyralaeknir.is

Frágangur og flutningur

Í allri meðhöndlun fugla, afurða þeirra, úrgangs eða annars mengaðs efnis (s.s. líkamshluta, blóðs, fiðurs og saurs eða undirlags frá fuglunum) verður að forðast eða draga úr myndun ryks eða loftúða. Hægt er að draga úr ryk- og loftúðamyndum með finum vatnsúða á dauða fugla og umhverfi áður en þeir eru fjarlægðir og þrif hefjast.

Allt oddhvasst sorp skal sett í stungu- og lekaheld ílát, hitameðhöndla og farga á þann hátt sem kveðið er á um í viðauka með reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Allt sóttmengað sorp skal strax sett í lekahelda sorppoka og fargað með fuglum frá búinu.

Leitast skal við að hafa flutning sóttmengaðs úrgangs og fuglshræja í lágmarki og forðast flutningsleiðir í gegnum þéttbýli. Tryggja skal að smitefni berist ekki í umhverfið, við flutninginn skal nota þétta flutningsgáma eða tanka. Neðst í gámunum/tönkunum skal vera ídræg efni t.d. sag eða spænir. Tryggja skal þvotta- og sóttþreinsunaraðstöðu fyrir öll flutningstæki, bæði á upphafs- og áfangastað.

Förgun

Förgun skal fara fram sem næst upprunastað. Ef mögulegt er skal sóttmenguðum hræjum og úrgangi fargað þar sem sýkingin kemur upp. Ef ekki er mögulegt að framfylgja því skal förgunin fara fram sem næst upprunastað.

Tryggja verður fullnægjandi förgunaraðstöðu og hafa nauðsynlegan búnað tiltækan. Virkasta leiðin til að eyða smitefni er brennsla við háan hita. Opín brennsla úrgangs er þó óheimil. Við urðun er ávallt hætta á að smitefni berist út í umhverfið og er því neyðarúrræði.

Brennsla

Ef mögulegt er skal förgun fara fram á staðnum þar sem smit kemur upp í þar til gerðri færanlegri brennslu. Annan brennanlegan úrgang sem ekki er unnt að sóttþreinsa má brenna þegar brennslu hræja er lokið. Ef brennsla í færanlegri brennslu er ekki möguleg skal brennslan fara fram í næstu starfandi brennslustöð sem getur tekið við sóttmenguðum úrgangi.

Urðun

Ef brennsla hræja og úrgangs er ekki möguleg og grípa þarf til þess neyðarúrræðis að urða úrganginn skal það gert sem næst upprunastað, helst þar sem sýkingin kemur upp. Um meðferð förgun úrgangs fer eftir leiðbeiningum Umhverfis- og Landbúnaðarstofnunar⁵. Urðun má aldrei fara fram án veitts leyfis frá Umhverfisstofnun í samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd og héraðsdýralækna.

Hreinsun og sóttþreinsun áhalda og vinnusvæðis

Sá sem annast þrif á menguðu vinnusvæði skal klæðast öllum ofantöldum hlífðarbúnaði á meðan hreinsunin fer fram.

⁵ www.ust.is, www.yfirdyralaeknir.is

Öll margnota áhöld, sem þola vatn og hita, skulu þvegin í þvottavél að notkun lokinni. Áhöld, sem ekki þola hita, skal handþvo úr sápuvatni, þurrka og leggja síðan í 5% klórblöndu, blöndu af vetnisperoxíði eða öðru sambærilegu efni í þann tíma sem kveðið er á um í leiðbeiningum með því efni sem notað er hverju sinni. Vinnusvæði skal þvo með heitu sápuvatni, þurrka og síðan þvo með klórblöndu eða með oxandi efni og efnin látin þorna á viðkomandi yfirborði (sjá nánar í þrifaáætlun viðkomandi bús). Búnaði sem ekki er mögulegt að sótthreinsa, skal eytt (sjá viðbragðsáætlun yfirdýralæknis⁶). Allar vinnuvélar og tækjabúnað ber að þvo og sótthreinsa fyrir flutning af smituðu svæði (sjá leiðbeiningar).

Notkun veirulyfja

Notkun veirulyfja skal vera vel yfirveguð samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalækni til að;

- draga úr hættu á aukaverkunum
- draga úr hættu á myndun ónæmis í veirunni gegn lyfinu
- nýta lyfjabirgðir af forsjálmi

Í löndum þar sem ekki hefur orðið vart sýkinga af völdum skæðrar fuglainflúensu né grunur sé til staðar um að slíkt sé yfirvofandi þurfa starfsmenn alifuglabúa ekki fyrirbyggjandi lyfjameðferð.

Ábendingar um notkun lyfsins ef sterkur grunur eða staðfest tilfelli hefur orðið af völdum skæðrar fuglainflúensu í fuglum

Þjóða skal öllum starfsmönnum alifuglabúa eða alifuglaræktar, sem útsettir eru fyrir smit frá sýktum fuglum, lyfjameðferð í forvarnarskyni í samráði við sóttvarnalækni. Starfsmenn sem óafvitandi eru útsettir fyrir smiti áður en smit er staðfest skulu einnig fá fyrirbyggjandi lyfjameðferð.

Halda skal auðkennanlega skrá yfir þá starfsmenn sem fá veirulyf með upplýsingum um skammta, tímabil notkunar og aukaverkanir af völdum lyfjanna. Þessa skrá skal senda sóttvarnalækni. Rök fyrir notkun veirulyfja skulu einnig koma fram.

Yfirdýralæknir og sóttvarnalæknir hafa samvinnu um gerð áhættumats, sem byggt er á ástandi á viðkomandi svæði. Sóttvarnalæknir styðst við áhættumatið í ákvörðunatöku um veirulyfjameðferð.

Fyrirbyggjandi meðferð

- Þjóða skal starfsmönnum fyrirbyggjandi meðferð þann tíma sem þeir eru í snertingu við sýkta alifugla eða mengað yfirborð nema frábendingar séu til staðar. Þetta er einkum mikilvægt ef notkun á hlífðarbúnaði er ábótavant. Skammtastærð oseltamivir í forvarnarskyni er 75 mg einu sinni á dag í 10 daga eða þar til 7 dagar eru liðnir frá síðustu snertingu við sýkta alifugla.
- Ekki er mælt með samfelldri notkun oseltamivir lengur en 6 vikur. Hætta á aukaverkunum við lengri notkun er ekki þekkt. Eftir 6 vikna notkun skal gert hlé á töku lyfsins í 2 vikur en þá má hefja notkun lyfsins að nýju. Starfsmaðuri skal ekki vera útsettur fyrir smit þann tíma sem hann gerir hlé á töku lyfsins.

Forvarnarmeðferð eftir hugsanlegt smit

⁶ www.yfirdyralaeknir.is

- Eftir snertingu við sýkta fugla, innan 48 klst. eftir að hugsanlegt smit átti sér stað, skal meðferð gefin í a.m.k. 7 daga. Nýjustu rannóknarniðurstöður benda til þess að lyfið sé öruggt og gefi góðan árangur í börnum.
- Ef meðferð í forvarnarskyni hefur ekki verið gefin og einkenni sem samræmast fuglainflúensu í mönnum (hiti $\geq 38.0^\circ\text{C}$) verður vart skal hefja meðferð innan 48 klst. með oseltamivir 75 mg tvisvar daglega í 5 daga.

Bent skal á nauðsyn þess að fylgja öllum reglum til varnar smiti þrátt fyrir að starfsmenn séu á fyrirbyggjandi meðferð gegn fuglainflúensu.

Vöktun á heilsufari áhættuhópa

- Þeir sem eru útsettir fyrir smiti frá sýktum alifuglum og villtum fuglum eða úrgangi þeirra þurfa að fylgjast náið með heilsufari sínu. Það er á ábyrgð vinnuveitanda að starfsmenn séu upplýstir um þetta.
- Mæla skal líkamshita tvisvar á dag og vera vakandi gagnvart helstu einkennum fuglainflúensu í mönnum þar til 14 dagar eru frá síðasta návígi við sýkta fugla og umhverfi þeirra. Helstu einkenni fuglainflúensu í mönnum eru hitahækkun $\geq 38^\circ\text{C}$, hósti, mæði og hugsanlega niðurgangur.
- Starfsmenn skulu eiga kost á læknisskoðunum vegna fuglainflúensu á kostnað vinnuveitanda (sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980). Um inntak slíkra skoðana fer eftir nánari ákvörðum sóttvarnalæknis.
- Við einkenni fuglainflúensu í mönnum ber að hafa samband við vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða sóttvarnalækni/sóttvarnalækni í héraði án tafar.
- Þar til viðkomandi kemst undir læknishendur ber honum að vera í einangrun á heimili sínu. Einungis meðhöndlandi smitsjúkdómalæknir, sóttvarnalæknar í héraði og sóttvarnalæknir geta aflétt einangruninni þegar skæð fuglainflúensa hefur verið útilokuð.
- Atvinnurekandi og verktakar skulu halda skrá yfir þá starfsmenn sem koma að vinnu með sýkta fugla. Óhöpp og atvik sem líkleg eru til að valda heilsutjóni ber að tilkynna til Vinnueftirlitsins innan sólarhrings sbr. 80. gr. laga nr. 46/1980.
- Læknir sem fær rökstudda grun um, kemst að eða greinir einstakling, sem vinnur með fiðurfé með fuglainflúensu, ber að tilkynna það sem atvinnusjúkdóm.

Bólusetning gegn árlegum inflúensufaraldri

Fuglainflúensa er sjúkdómur í fuglum sem getur smitast yfir í menn við sérstakar aðstæður. Upphaf heimsfaraldurs inflúensu í mönnum getur orðið þegar fuglainflúensuveira og inflúensuveiran sem veldur árlegum inflúensufaraldri í mönnum, er samtímis í sama einstaklingnum. Við það getur orðið blöndun á erfðæfni veiranna með þeim afleiðingum að nýr stofn af inflúensuveiru myndist við uppstökkun erfðæfnisins og farið að smitast manna á milli. Þess vegna er mikilvægt að koma í veg fyrir, með bólusetningu, árlega inflúensu hjá þeim sem eru í námunda við hænsnfugla með fuglainflúensu. Þá gæti fuglainflúensuveira stökkbreyst þannig að hún berist greiðlega milli manna. Tekið skal fram að sú bólusetning gegn árstíðabundinni inflúensu gefur enga vörn gegn smiti fuglainflúensu sem berst í menn og því skal fylgja öllum reglum um sýkingavarnir.

Eftirtöldum hópum skal boðin bólusetning gegn árlegri influensu:

- Öllum sem eru í beinum tengslum við hænsnfugla og alifuglabú sem eru hugsanlega smituð af skæðri fuglainfluensu. Einkum þeir sem koma að förgun og eyðingu sýktra hænsnfugla og þeir sem lifa og starfa á kjúklingabúum þar sem grunur leikur á eða vitað er um skæða fuglainfluensu.
- Öllum heilbrigðisstarfsmönnum sem annast sjúklinga.
- Þeim sem hafa umgengist náð þá sem smitast hafa af skæðri fuglainfluensu.

Heimildir

1. European Centre for Disease Control and Prevention. ECDC guidelines to minimise the risk of humans acquiring highly pathogenic avina influenza from exposure to infected birds or animals. December 2005. www.ecdc.eu.int
2. Writing committee of the World Health Organization (WHO) Consultation on Human Influenza A/H5. Avian Influenza (H5N1) Infection in Humans. NEJM 2005;353:1374-1385.
3. European Centre for Disease Control. The public Health Risk from HPAI Viruses Emerge in Europe with Specific Reference to Type A/H5N1. Oct. 2005. www.ecdc.eu.int
4. Koopmans M, Wilbrink B, Conyn M, et al. Transmission of H7N7 avian influenza A virus to human beings during a large outbreak in commercial poultry farms in the Netherlands. Lancet 2004;363:587-93
5. World Health Organization – Western Pacific Region Publications on Avian Influenza
http://www.wpro.who.int/health_topics/avian_influenza/publications.htm
6. EFSA. Opinion of the AHAW Panel related to animal health and welfare aspects of Avian Influenza. Sept 2005.
http://www.efsa.eu.int/science/ahaw_opinions/1145_en.html
7. Hayden FG, Belshe R, Villanueva C, et al. Management of Influenza in Households: A Prospective, Randomized Comparison of Oseltamivir Treatment With or Without Postexposure Prophylaxis. J Infect Dis 2004, 189:440-9